

Sp. 276. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um gistiþjónustu á landsbyggðinni.

Flm.: Helgi Seljan, Stefán Jónsson, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita allra tiltækra leiða til að tryggja þeim aðilum, er veita þjónustu á landsbyggðinni með gistingu og greiðasölu, sem bestan grundvöll til uppbyggingar og rekstrar.

Ríkisstjórnin skal í þessu efni leita samráðs við þá, er helst eiga hagsmuna að gæta, svo sem Ferðamálaráð, sveitarfélög og rekstraraðila.

G r e i n a r g e r ð .

Ekki þarf langa greinargerð til rökstuðnings þessari tillögu.

„Ísland sem ferðamannaland“ er oft á orði haft. Vissulega hefur margt verið gert á því sviði, að gera það að staðreynd, en flest hefur þó miðast við einmitt það að búa erlendum ferðamönnum aðstöðu og þá að sjálfsögðu á ferðamannatímanum.

Má nefna hina ágætu nýtingu heimavistaraskóla okkar til þessa hlutverks og er þar um lofsverða starfsemi að ræða.

En hvað um okkur sjálf, hvað um þann tíma þegar veður og færð setja oft strik í ferðareikning okkar, hvað um ýmsa þéttbýlisstaði þar sem umferð er lítil um háveturinn, gestakomur stopular, en staðreynd þó?

Á hverjum þéttbýlisstað er ákveðin þörf, sem kallar á að þar sé viðunandi aðstaða allt árið um kring bæði til gistingar og matsölu.

Mismikil er sú þörf eftir legu og aðstæðum, en knýjandi víðast hvar. Rekstraraðstaða er hins vegar vægast sagt takmörkuð og fáir einir hafa bolmagn til að byggja upp viðunandi aðstöðu í húsnæði og öðru sem til þarf. Oft eru fyrirtæki með annan rekstur, sem halda uppi lágmarkspjónustu, eða þá að sveitarfélögin grípa með einhverjum hætti inn í, af eðlilegum vanefnum þó.

Sjálfstæður rekstur á þess litla von að skila öðru en tapinu á velflestum stöðum.

Tvímælalaust þarf að gera hér visst átak, sem eðlilegt er að hið opinbera stuðli að sem best, því vansalaust er það ekki, að ekki sé unnt á hverjum stað að bjóða vetrargestum mat og húsaskjól.

Í öllum aðgerðum til þess að laða erlenda ferðamenn til ferðalaga hingað býður okkur flutningsmönnum í grun, að þessi þáttur hafi orðið býsna mikið útundan. Sannleikurinn er einnig sá, að málið er síður en svo auðleyst, og víða má segja að vart sé unnt að leysa þetta eftir hefðbundnum leiðum, en þá er að leita annarra.

Hugmyndir þar um verða reifaðar í framsögu, svo og rakin einstök dæmi þar sem ferðamannþjónusta er óhjákvæmileg nauðsyn, en rekstrargrundvöllur enginn, þó við árið allt sé miðað. Kanna þarf möguleika þeirra sjóða, sem fyrir eru, til sérátaks í þessu efni, möguleika sveitarfélaga og rekstraraðila að koma með nýjum hætti inn í þessa mynd og síðast en ekki síst með hvaða hætti hið opinbera gæti létt róðurinn, þó í engu yrði um beinar styrkveitingar eða gjafir að ræða.

Margt annað og heilbrigðara kemur til greina, sem fjallað verður um í framsögu, þó allar ívínanir séu vandmedfarnar. En jafnhliða því, sem við gerum Ísland að ferðamannalandi, svo sem réttlæt看legt er, t. d. gagnvart náttúru landsins, skulum við ekki síður huga að sem eðlilegastri þjónustu við okkur sjálf og aðra hvarvetna þar sem þess telst þörf.

Til að ýta þessu máli úr vör er tillaga þessi flutt.